

ISIC og íslenski fjárhundurinn

Þorsteinn Thorsteinson

ISIC stendur fyrir *Icelandic Sheepdog International Cooperation* en ISIC er samstarfsvettvangur landa um allt það er snýr að íslenska fjárhundinum, velferð hans og ræktun í nútíð og framtíð.

Aðildarlönd ISIC eru í dag auk Íslands, Bandaríkin, Danmörk, Finnland, Holland, Kanada, Noregur, Svíþjóð og Þýskaland auk þess sem samstarf er hafið við nýstofnað félag um íslenska fjárhundinn í Sviss. Guðrún Guðjohnsen, fv. formaður HRFÍ og DÍF, er í forsvari fyrir ISIC en auk hennar eru Hans-Åke Sperne frá Svíþjóð og Wilfred Olsen frá Danmörku þar einnig lykilmenn en Guðrún og Hans-Åke hafa verið í forsvari ISIC allt frá upphafi.

Formlega var stofnað til samstarfsins árið 1996 en fyrsta ráðstefna ISIC var haldin í Svíþjóð. Fulltrúar aðildarlandanna hafa síðan komið saman árlega en ráðstefnan í ár var haldin á Íslandi í tilefni 40 ára afmælis Hundaræktarfélags Íslands og 30 ára afmælis Deildar íslenska fjárhundsins.

Ræktunarstefna

Aðildarlönd ISIC hafa samþykkt alþjóðlega ræktunarstefnu fyrir íslenska fjárhundinn. Meginþáttur ræktunarstefnunnar snýr að verndun og varðveislu stofnsins en stefnan er byggð á ráðleggingum sérfræðinga, s.s. Dr. Per-Erik Sundgren og Dr. Pieter Oliehoek. Stefnunni er ætlað að styðja ræktun heilbrigðra hunda með góða vinnueiginleika og dæmigerða lund íslenska fjárhundsins. Helstu atriði ræktunarstefnunnar eru eftirfarandi:

1. **Erfðagr unnur** . Með framtíð íslenska fjárhundsins í huga er nauðsynlegt að viðhalda erfðabreytileika tegundarinnar en markmiðið er að viðhalda og ná erfðagrunni heildarstofnsins í 150 til 200 sem er nægjanlega hátt svo erfðabreytileiki glatist ekki að ráði.
 - a. **ISIC** mælir því með að fjöldi afkvæma einstakra undaneldishunda verði ekki fleiri en 35 og að hver hundur eignist ekki meira en helmingi fleiri barnabörn.
 - b. **ISIC** mælir með að fjöldi afkvæma einstakra undaneldistíka verði ekki fleiri en 25.Þessar tölur eiga við allt æviskeið hunda og eru óháðar því í hvaða landi þeir búa.
2. **Heilbrigði**. Einungis ætti að rækta frá heilbrigðum hundum.
 - a. **ISIC** mælir með að mjaðmaniðurstaða ræktunardýra sé þekkt og markmiðið er að rækta einungis frá hundum með A eða B mjaðmir.
 - b. **ISIC** mælir með að öll ræktunardýr séu augnskoðuð og séu án arfgengra sjúkdóma.
3. **Lund**. Svo viðhalda megi lund íslenska fjárhundsins er mælt með að hundar fari í skapgerðarmat (MH) áður en ræktað er frá þeim. Stefnt er að gerð tegundarprófíls út frá niðurstöðum skapgerðarmats íslenska fjárhundsins.

Gagnagr unnur

Segja má að kjarni ISIC samstarfsins felist í alþjóðlegum gagnagrunni yfir alla ættbókfærða íslenska fjárhunda í aðildarlöndunum. Samstarf sem þetta er talið einstakt í hundaheiminum og gríðarlega mikilvægt til framtíðar litið þegar hugsað er um þann takmarkaða erfðagrunn sem stofn íslenska fjárhundsins byggir á. Guðni Ágústsson, formaður DÍF, hefur haldið utan um gagnagrunn ISIC og lagt í hann gríðarlega vinnu ár hvert. Öll aðildarlöndin eiga og nota LatHunden, forrit sænska erfðafræðingsins Dr. Per-Erik Sundgren sem er félögum í HRFÍ að góðu k unnur .

LatHunden býður upp á ýmsa möguleika til greininga á stofni íslenska fjárhundsins, í hverju landi fyrir sig og einnig á heildarstofninum. Segja má að möguleikarnir séu nánast óþrjótandi en niðurstöðurnar eru þó ekki alltaf þær sem við vildum helst sjá.

Staða stofnsins á Íslandi

Meðaltals skyldleikastuðull í ræktun íslenska fjárhundsins hér á landi árið 2008 var 4,1% og hefur því hækkað dálítið frá því stuðullinn var lægstur, 3,4%, árið 2002. Minna verður á að skyldleikastuðull segir til um þann erfðabreytileika sem glatast en stuðullinn gefur aldrei upp alla söguna um raunverulega innræktun þar sem við útreikninga eru einungis skoðaðar 5 kynslóðir og ekki tekið tillit til fyrri innræktunar. Stofninn okkar er lítill og skyldleikaræktun hefur verið mikil í gegnum tíðina. Svo hundurinn okkar megi áfram vera eins heilbrigður og hann er í dag er ráðlagt að skyldleikastuðull við þörun sé ekki hærrí en 2-2,5%.

Útreikningar á stofninum á Íslandi sýna að hámarks ásættanlegur afkvæmafjöldi einstakra hunda er 26 en sá hundur sem á flest skráð afkvæmi undanfarin ár á 65 afkvæmi. Einnig er nauðsynlegt að huga að fjölda barnabarna en ekki er æskilegt að barnabörn einstakra undaneldishunda séu fleiri en tvöfaldur hámarksfjöldi afkvæma. Að sjálfsgöðu er erfitt að stjórna fjölda barnabarna en vert er að hafa þetta í huga og sérstaklega í ljósi þess að sá hundur sem eignast hefur flest barnabörn hér á landi undanfarin ár á 121 skráð barnabarn.

Hundar sem eignast fleiri afkomendur en æskilegt er kallast Matadorar en í dag eru 12 hundar á Íslandi skráðir sem slíkir og eru þeir feður 34% allra skráðra hvolpa og afar 49%.

<i>Aëttb.nr.</i>	<i>Nafn</i>	<i>Fd.</i>	<i>Afkvæmi</i>	<i>Barnabörn</i>
IS02514/92	Kolur frá Húsatóftum	1992-05-30	39	16
IS02543/92	Týri	1992-11-06	3	53
IS02818/93	Prins	1993-08-19	37	69
IS03035/94	Týr frá Húsatóftum	1994-04-02	65	27
IS03332/94	Bjarki	1994-06-10	25	67
IS03365/94	Snælukku Bjartur	1994-05-11	13	57
IS02814/93	Vaskur	1993-03-16	24	71
IS04150/96	Ýrar Akkur	1996-03-26	34	111
IS04367/97	Kolgrímur	1996-11-23	42	43
IS04739/97	Gjósku Vaskur	1997-12-08	27	50
IS05329/99	Hektor	1999-07-01	50	121
IS07616/04	Kirkjufells Kappi	2003-09-29	31	9

Ræktunargrunnur

Ræktunargrunnur (e. *Effective Population Size*) er mælikvarða til að meta samfelld tap á erfðabreytileika. Reiknaður ræktunargrunnur verður því minni sem innræktun er meiri samanborið við fjölda ræktunardýra en meginregla er að ef ræktunargrunnur falli niður fyrir 50 þá sé allur stofninn í hættu.

Ræktunargrunni er skipt í tvennt, þ.e. hagnýtan ræktunargrunn (e. *Utilized Effective Population Size*) og tiltækan ræktunargrunn (e. *Available Effective Population Size*). Útreikningar á hagnýtum ræktunargrunni byggjast á því hvernig ræktendur hafa notað hunda sína við ræktunina. Í dag er hagnýtur ræktunargrunnur stofns íslenska fjárhundsins á Íslandi ekki nema 30 og ljóst að ræktendur verða að taka sig á og nýta þann erfðagrunn sem stofninn býr yfir. Tiltækur ræktunargrunnur byggir á sömu gildum og hagnýti ræktunargrunnurinn en tveimur kynslóðum síðar eftir handahófskennda „pörun“ ræktunardýra í forritinu. Tiltæki ræktunargrunnurinn segir því til um þá möguleika sem stofninn býr yfir breyti ræktendur ræktunarvenjum sínum. Í dag er tiltækur ræktunargrunnur íslenska fjárhundsins á Íslandi ekki nema 53.

Til samanburðar má geta þess að í Svíþjóð er hagnýtur ræktunargrunnur fyrir sama tímabil 77 og tiltækur ræktunargrunnur 89. Því er augljóst að ræktendur þar hafa staðið sig betur en við í heimalandinu m.t.t. til ræktunaraðferða og við nýtingu þeirra tækifæra sem búa í stofninum.

Út frá útreikningum á ræktunargrunni er hægt að greina þau áhrif sem einstakir karlhundar hafa á stofninn. Forritið „parar“ hunda síðustu 10 ára við allar tíkur sem eignuðust got á árunum 2004-2008, greinir bakgrunn þannig „gota“ og reiknar út skyldleikastuðulinn. Meðaltals-skyldleikastuðull þessara „gota“ er skoðaður og áhrif hundanna á stofninn sýnt sem hlutfall (%) frá meðaltali hans. Því er æskilegt að útkoman sé neikvæð, þ.e. í mínus, því þeir hundar munu leggja af mörkum til lækkunar á skyldleikastuðli stofnsins. Jákvæð útkoma merkir hins vegar að viðkomandi hundur er skyldari ræktunartíkunum en meðaltal stofnsins. Þau gen sem sá hundur ber eru því þegar útbreidd í stofninum og notkun hans til ræktunar mun lækka ræktunargrunninn og þannig stuðla að glötum á erfðabreytileika.

Langflestir hundar í stofninum eru hlutlausir (e. neutral), þ.e. þeir eru nálægt meðaltali stofnsins svo notkun þeirra í ræktun stuðlar hvorki að auknum erfðabreytileika né glötun erfðabreytileika. Samkvæmt forritinu er æskilegt að forðast að nota nokkra hunda en þónokkuð margir fá stimpilinn OK, þ.e. notkun þeirra til ræktunar myndi leggja af mörkum til lækkunar á skyldleikastuðli stofnsins og þar með stærri ræktunargrunni. Ávallt skal þó hafa í huga þegar þessi listi er skoðaður að þarna er ekki tekið tillit til heilbrigðis eða annarra þátta sem geta haft áhrif á ákvarðanir við ræktun, einungis er litið á ættbókina og hugsað um viðhald þess erfðabreytileika sem stofninn býr yfir og er svo mikilvægt svo íslenski fjárhundurinn megi lifa og sé áfram eins heilbrigðir og hann er í dag.

Í töflunni hér að neðan má finna lista yfir þá hunda sem mest myndu leggja af mörkum til lækkunar á skyldleikastuðli stofnsins. Hafa verður í huga að þessi listi er ekki tæmandi og fleiri hundar myndu leggja af mörkun til lækkunar á erfðabreytileika. Hér eru einungis nefndir þeir hundar sem mest myndu leggja af mörkum en umtalsvert fleiri er æskilegt að ræktað verði frá. Einnig er eftir að mjaðmamynda og augnskoða flesta þessara hunda en þær skoðanir eru skilyrði fyrir skráningu afkvæma í ættbók. Aðrir þættir geta einnig haft áhrif á val við ræktun og etv. eru einhverjir þessara hunda ekki á lífi í dag. Nokkrum hundum var sleppt úr listanum þar sem þeir eru búsettir erlendis eða eru ekki aðgengilegir til ræktunar vegna annarra orsaka. Að lokum er einnig nauðsynlegt að vita að einungis voru

kannaðir hundar 10 ára og yngri en nokkuð hefur verið um það undanfarin ár að 12-15 ára íslenskir hundar hafi eignast got sem sýnir vel hve heilbrigður hundur íslenski fjárhundurinn er.

<i>Attb.nr.</i>	<i>Nafn</i>	<i>Fd.</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Faðir</i>	<i>Móðir</i>
IS05756/00	Vaskur	2000-02-14	-52%	Kolgrímur	Gríma
IS05757/00	Grímur	2000-02-14	-52%	Kolgrímur	Gríma
IS05758/00	Púlli	2000-02-14	-52%	Kolgrímur	Gríma
IS05817/00	Minni Núps Spori	2000-09-03	-62%	Kolur frá Húsatóftum	Drafla Frekna
IS05836/00	Þórdunu Ófeigur	2000-04-29	-63%	Drafla Sorró	Týra
IS05837/00	Þórdunu Kolur	2000-04-29	-63%	Drafla Sorró	Týra
IS05912/00	Askur	2000-05-29	-53%	Kappi	Drafla Embla
IS05913/00	Depill	2000-05-29	-53%	Kappi	Drafla Embla
IS05914/00	Dropi	2000-05-29	-53%	Kappi	Drafla Embla
IS06490/02	Drafla Kátur	2001-10-09	-55%	Stjörnu Kátur	Lýsa
IS06860/02	Drafla Tryggur	2001-10-09	-55%	Stjörnu Kátur	Lýsa
IS06905/02	Tryggur	2001-01-12	-51%	Glói	Týra
IS06953/02	Frónar Ás	2002-09-16	-58%	Týr frá Húsatóftum	Ölvaldsstaða Ula
IS07579/03	Hofshesta Kolbeinn	2003-06-16	-50%	Kátur	Skotta
IS07580/03	Hofshesta Glampi	2003-06-16	-50%	Kátur	Skotta
IS07581/03	Hofshesta Póker	2003-06-16	-50%	Kátur	Skotta
IS07694/04	Frónar Óðinn	2003-10-28	-52%	Frónar Freyr	Snæfríður Íslandssól
IS07695/04	Frónar Ægir	2003-10-28	-52%	Frónar Freyr	Snæfríður Íslandssól
IS07696/04	Frónar Grettir	2003-10-28	-52%	Frónar Freyr	Snæfríður Íslandssól
IS08512/05	Vaskur	2004-05-08	-58%	Tryggur	Skotta
IS08514/05	Tumi	2004-05-08	-58%	Tryggur	Skotta
IS08515/05	Vappi	2004-05-08	-58%	Tryggur	Skotta
IS08517/05	Týr	2004-05-08	-58%	Tryggur	Skotta
IS10571/07	Hnokki	2007-01-18	-51%	Fljóta Fróði	Týra
IS11509/08	Eldhamars Októ	2007-09-29	-55%	Týr frá Húsatóftum	Galtanes Panda

Viðauki sem ekki fylgdi greininni í Sámi:

Í töflunni hér að neðan má finna samskonar lista og listann í töflunni hér fyrir ofan. Hér er þó ekki einungis að finna þá hunda sem mest myndu leggja af mörkum til lækkunar á skyldleikastuðli stofnsins heldur einnig aðra hunda sem leggja nægjanlega mikið af mörkum svo þeir fá stimpilinn OK í LatHunden. Undanskildir eru þó hundar með mikið mjaðmalos (HD D og HD E), hundar með staðfesta arfgenga starblindu sem og hundar sem vitað er að eru eineistungar, er búið að gelda, eru búsettir erlendis eða ekki aðgengilegir til ræktunar af öðrum orsökum. Mikilvægt er að hafa ávallt í huga að hlutfallstölurnar (%) sem segja til um það hve mikið hver hundur leggur af mörkum til lækkunar á skyldleikastuðli eru einungis til viðmiðunar og munu breytast í hvern skipti sem skrár forritsins verða uppfærðar.

ættb. Nr.	fd	nafn	Áhrif (%)	faðir	móðir
IS05678/00	12.11.1999	Tryggur (HD FRI B)	-29%	Galtanes Greifi	Gyðja
IS05756/00	14.2.2000	Vaskur (HD ?)	-52%	Kolgrímur	Gríma
IS05758/00	14.2.2000	Púlli (HD SVAK C)	-52%	Kolgrímur	Gríma
IS05816/00	3.9.2000	Minni Núps Tíri (HD ?)	-62%	Kolur frá Húsatóftum	Drafla Frekna
IS05817/00	3.9.2000	Minni Núps Spori (HD ?)	-62%	Kolur frá Húsatóftum	Drafla Frekna
IS05836/00	29.4.2000	Þórdunu Ófeigur (HD SVAK C)	-63%	Drafla Sorró	Týra
IS05837/00	29.4.2000	Þórdunu Kolur (HD FRI A)	-63%	Drafla Sorró	Týra
IS05868/00	2.3.2000	Kátur (HD ?)	-25%	Ýrar Asi Kolur	Gríma
IS05871/00	2.3.2000	Hektor (HD ?)	-25%	Ýrar Asi Kolur	Gríma
IS05912/00	29.5.2000	Askur (HD ?)	-53%	Kappi	Drafla Embla
IS05913/00	29.5.2000	Depill (HD ?)	-53%	Kappi	Drafla Embla
IS05914/00	29.5.2000	Dropi (HD ?)	-53%	Kappi	Drafla Embla
IS05936/00	9.9.2000	Lappi (HD ?)	-43%	Vaskur	Melkolku Brenda
IS05937/00	9.9.2000	Ýmir (HD ?)	-43%	Vaskur	Melkolku Brenda
IS06490/02	9.10.2001	Drafla Kátur (HD ?)	-55%	Stjörnu Kátur	Lýsa
IS06860/02	20.5.2002	Drafla Tryggur (HD ?)	-55%	Stjörnu Kátur	Lýsa
IS06905/02	12.1.2001	Tryggur (HD ?)	-51%	Glói	Týra
IS12180/08	17.5.2002	Vetrarbrautar Tumi (HD ?)	-28%	Lækjamóts Kátur	Dama
IS06953/02	16.9.2002	Frónar Ás (HD ?)	-58%	Týr frá Húsatóftum	Ölvaldsstaða Ula
IS07073/03	12.9.2002	Sunnusteins Goði (HD ?)	-46%	Kolfinnur	Reykjadals Staka Sól
IS07109/03	1.9.2003	Spotti (HD FRI ?)	-39%	Kolgrímur	Galtanes Gríma Glóð

IS07579/03	16.6.2003	Hofshesta Kolbeinn (HD ?)	-50%	Kátur	Skotta
IS07580/03	16.6.2003	Hofshesta Glampi (HD ?)	-50%	Kátur	Skotta
IS07581/03	16.6.2003	Hofshesta Póker (HD ?)	-50%	Kátur	Skotta
IS07694/04	28.10.2003	Frónar Óðinn (HD ?)	-52%	Frónar Freyr	Snæfríður Íslandssól
IS07695/04	28.10.2003	Frónar Ægir (HD ?)	-52%	Frónar Freyr	Snæfríður Íslandssól
IS07696/04	28.10.2003	Frónar Grettir (HD ?)	-52%	Frónar Freyr	Snæfríður Íslandssól
IS08345/04	17.9.2004	Eldhamars Herkúles (HD ?)	-46%	Frónar Freyr	Galtanes Panda
IS08346/04	17.9.2004	Eldhamars Freyr (HD FRI A)	-46%	Frónar Freyr	Galtanes Panda
IS08348/04	17.9.2004	Eldhamars Lappi (HD ?)	-46%	Frónar Freyr	Galtanes Panda
IS08512/05	8.5.2004	Vaskur (HD ?)	-58%	Tryggur	Skotta
IS08514/05	8.5.2004	Tumi (HD ?)	-58%	Tryggur	Skotta
IS08515/05	8.5.2004	Vappi (HD ?)	-58%	Tryggur	Skotta
IS08517/05	8.5.2004	Týr (HD ?)	-58%	Tryggur	Skotta
IS08655/05	29.1.2005	Stökk Sels Móra Skundi (HD ?)	-30%	Þórdunu Móri	Stjörnuljósa Skógar Skíma
IS08656/05	29.1.2005	Stökk Sels Móra Skuggi (HD SVAK C)	-30%	Þórdunu Móri	Stjörnuljósa Skógar Skíma
IS08849/05	15.4.2005	Stjörnuljósa Kolskeggur (HD ?)	-35%	Siggi	Leirubakka Fjóra
IS08853/05	15.4.2005	Stjörnuljósa Kolfinnur (HD ?)	-35%	Siggi	Leirubakka Fjóra
IS09083/05	15.5.2005	Gerplu Snata Tryggur (HD ?)	-37%	Blandon Von Hoytts Snati	Gerplu Panda
IS09262/06	21.8.2005	Trítlu Tumi (HD ?)	-37%	Kersins Prins	Drafla Trítla
IS09708/06	12.1.2005	Kirkjufells Breki (HD FRI B)	-30%	Týr frá Húsatóftum	Leiru Harpa
IS09710/06	12.1.2005	Kirkjufells Bangsi (HD ?)	-30%	Týr frá Húsatóftum	Leiru Harpa
IS09857/06	28.3.2006	Spori (HD ?)	-26%	Leirubakka Kátur	Tíra
IS09860/06	5.12.2006	Stefsstells Snæþór Skundi (HD FRI A)	-26%	Kirkjufells Kappi	Stefsstells Aska Spesía
IS09862/06	5.12.2006	Stefsstells Skrúður (HD FRI A)	-26%	Kirkjufells Kappi	Stefsstells Aska Spesía
IS09903/06	18.6.2006	Strútur (HD ?)	-33%	Þórdunu Surtur	Píla
IS09904/06	18.6.2006	Kátur (HD ?)	-33%	Þórdunu Surtur	Píla
IS09905/06	18.6.2006	Sámur (HD ?)	-33%	Þórdunu Surtur	Píla

IS09906/06	18.6.2006	Depill (HD ?)	-33%	Pórdunu Surtur	Píla
IS10182/06	31.10.2006	Kersins Óríon (HD ?)	-26%	Eldhamars Freyr	Kersins Salka
IS10183/06	31.10.2006	Kersins Bárður (HD ?)	-26%	Eldhamars Freyr	Kersins Salka
IS10437/07	23.9.2006	Pjakkur (HD ?)	-38%	Eldhamars Freyr	Hnúks Luska
IS10482/07	1.7.2007	Prins (HD ?)	-26%	Stefsstells Fáni Ásgarður	Húfa
IS10483/07	1.7.2007	Tryggur (HD FRI B)	-26%	Stefsstells Fáni Ásgarður	Húfa
IS10484/07	1.7.2007	Sámur (HD ?)	-26%	Stefsstells Fáni Ásgarður	Húfa
IS10486/07	1.7.2007	Pjakkur (HD ?)	-26%	Stefsstells Fáni Ásgarður	Húfa
IS10571/07	18.1.2007	Hnokki (HD ?)	-51%	Fljóta Fróði	Týra
IS10838/07	17.4.2007	Bósi (HD ?)	-29%	Kirkjufells Kappi	Fagrahvamms Snotra
IS10839/07	17.4.2007	Barón (HD ?)	-29%	Kirkjufells Kappi	Fagrahvamms Snotra
IS10840/07	17.4.2007	Breki (HD ?)	-29%	Kirkjufells Kappi	Fagrahvamms Snotra
IS11416/07	23.8.2007	Grettir (HD ?)	-48%	Stefsstells Ástríkur	Birta
IS11509/08	29.9.2007	Eldhamars Októ (HD ?)	-55%	Týr frá Húsatóftum	Galtanes Panda
IS11745/08	26.1.2008	Kersins Baldur (HD ?)	-25%	Sunnusteins Canis	Pórdunu Skráma
IS11746/08	26.1.2008	Kersins Lási (HD ?)	-25%	Sunnusteins Canis	Pórdunu Skráma
IS11747/08	26.1.2008	Kersins Lappi (HD ?)	-25%	Sunnusteins Canis	Pórdunu Skráma
IS11764/08	21.1.2008	Ísrima Hugljúfur (HD ?)	-28%	Íslandssólar Grímur	Töfra Hekla
IS11767/08	21.1.2008	Ísrima Máni (HD ?)	-28%	Íslandssólar Grímur	Töfra Hekla
IS11768/08	21.1.2008	Ísrima Moli (HD ?)	-28%	Íslandssólar Grímur	Töfra Hekla
IS11240/07	5.5.2007	Vetrarbrautar Erró (HD ?)	-28%	Lækjamóts Kátur	Dama
IS12400/08	23.6.2008	Reykjadals Bróðir Djákni (HD ?)	-34%	Pórdunu Séra Sómi	Töfra Hólmfríður Hrifla
IS12401/08	23.6.2008	Reykjadals Kópur Páfi (HD ?)	-34%	Pórdunu Séra Sómi	Töfra Hólmfríður Hrifla
IS12711/08	16.8.2008	Frónar Garpur (HD ?)	-34%	Týr frá Húsatóftum	Kersins Frigg
IS12773/08	16.10.2008	Pórdunu Geyr (HD ?)	-37%	Reykjadals Korpur	Pórdunu Eyja
IS12967/09	28.3.2006	Spori (HD ?)	-26%	Leirubakka Kátur	Tíra